

Ár 2002, fimmtudaginn 30. maí var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1 í Reykjavík og haldinn af Garðari Garðarssyni, Jóni Sveinssyni, Margréti Guðmundsdóttur, Óttari Yngvasoni og Þorsteini Júlíussyni.

**Fyrir var tekið:**

**Að ákvarða laun þeirra aðila sem undir Kjaradóm falla  
skv. lögum nr. 120/1992**

**I.**

Í 5. gr laga nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd segir: „Við úrlausn mála skal Kjaradómur gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem hann ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Ennfremur skal Kjaradómur taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði.” Þá segir í 12. greina laganna, að Kjaradómur skuli taka mál til meðferðar þegar þurfa þykir og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð eru til viðmiðunar.

**II.**

Í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins eru oft ákvæði sem leiða til kjarabóta fyrir launþega viðkomandi stéttarfélaga, án þess að það sé beinlínis tekið fram í kjarasamningum hver hækkan launa verður vegna þessara tilteknu atriða. Við gerð kjarasamninga er það stundum ekki einu sinni að fullu ljóst hver launahækkun verður af nýmælum eða tilfærslum í samningunum, heldur mælist það eftirá og hefur áhrif á þær vísitölur sem mæla launaþróun. Með hliðsjón af þeim ákvæðum að Kjaradómur skuli ekki leiða launaþróun hefur dómurinn þurft að gaumgæfa eftirá launaþróun undanfarandi missera og hefur oft þurft að gera lagfæringar eftirá á launakjörum þeirra sem taka laun sín samkvæmt ákvörðunum dómsins. Síðast gerði Kjaradómur slíka leiðréttingu í ákvörðun sinni í maí 1999.

Undanfarin ár hefur þess verið gætt að grunnhækkun launa skv. kjarasamningum kæmu fram í ákvörðunum Kjaradóms og tækju breytingarnar gildi á svipuðum tíma og breytingar verða hjá launþegum almennt. Síðasta ákvörðun Kjaradóms var 29. nóvember 2001 um 3% hækkan launa frá 1. janúar 2002, sem var í takt við það sem almennt gerðist. Hins vegar hafa ýmsar breytingar orðið á launum opinberra starfsmanna undanfarin misseri, sem ekki eru komnar fram í ákvörðunum Kjaradóms. Þykir rétt að taka nú skref í þá átt að lagfæra þetta misræmi að nokkru. Með vísan til þeirra ákvæða laga um Kjaradóm að hann skuli taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði og að teknu tilliti til þeirra aðhaldsaðgerða sem gripið hefur verið til undanfarið í verðlagsmálum, er það ákvörðun Kjaradóms að laun þeirra sem taka laun samkvæmt ákvörðunum hans skuli hækka um 3% frá 1. júní 2002 að telja.

### III.

Því úrskurðast:

Mánaðarlaun þeirra aðila sem undir Kjaradóm falla skv. 2. gr. I. 120/1992 skulu hækka miðað við 1. júní 2002 um 3% frá síðustu ákvörðunum Kjaradóms. Mánaðarlaun einstakra aðila verða þá sem hér segir:

1. Forseti Íslands krónur 1.417.628
2. Forsætisráðherra krónur 682.185 og aðrir ráðherrar krónur 620.274, hvort tveggja að meðtoldu þingfararkaupi
3. Forseti Hæstaréttar krónur 494.117 en aðrir hæstaréttardómarar krónur 449.144
4. Ríkissaksóknari krónur 449.144
5. Ríkissáttasemjari krónur 429.520
6. Ríkisendurskoðandi krónur 429.520
7. Biskup Íslands krónur 433.743
8. Dómstjórinn í Héraðsdómi Reykjavíkur krónur 411.881 en aðrir dómstjórar krónur 372.281
9. Héraðsdómarar krónur 359.198
10. Umboðsmaður barna krónur 357.446
11. Þingfararkaup alþingismanna krónur 344.597

Eldri ákvarðanir Kjaradóms um greiðslu yfirvinnu og aðra þætti skulu óbreyttar standa.

  
Garðar Garðarsson  
formaður

  
Jón Sveinsson

  
Margrét Guðmundsdóttir

  
Óttar Yngvason

  
Þorsteinn Júlíusson